

Borgarráð

Ársfjórðungsskýrsla Græna plansins - þriðji ársfjórðungur 2021

Lögð er fram til kynningar ársfjórðungsskýrsla Græna plansins fyrir júlí til september 2021. Græna planið var samþykkt í borgarstjórn 15. desember 2021. Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar sem dregur saman á einn stað helstu lykilverkefni og grænar fjárfestingar í borginni á komandi 10 árum.

Græna planið er byggt á hugmyndafræði sjálfbærni og er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugum atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir.

Lykilviddir græna plansins eru þrjár; efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg en sjálfbærni næst ekki nema tillit sé tekið til allra þriggja þátta. Græna planið er umfangsmikið og í því eru tilgreindar lykilstefnur, aðgerðir og áætlanir undir hverri vidd. Þá voru settar fram forgangsaðgerðir í aðgerðaáætlun Græna plansins fyrir árið 2021.

Í þeim tilgangi að gefa greinargóða mynd af framgangi mála við innleiðingu Græna plansins eru lagðar fram ársfjórðungslegar stöðuskýrslur fyrir borgarráð þar sem farið er yfir stöðu helstu verkefna, einkum m.t.t. til forgangsverkefna fyrir árið 2021.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Ársfjórðungsskýrsla Græna plansins - þriðji ársfjórðungur 2021.



Græna planið

Sóknaráætlun Reykjavíkurborgar til 2030

ÁRSFJÓRÐUNGSSKÝRSLA – JÚLÍ TIL SEPTEMBER 2021

1 Inngangur

Borgarstjórn ákvað á fundi sínum 2. júní 2020 að unnin yrði langtímaáætlun um fjármál og fjárfestingu Reykjavíkurborgar, Græna planið, byggt á hugmyndafræði sjálfbærni, sem legði fram skýra framtíðarsýn um blómstrandi og kolefnishlutlaust borgarsamfélag þar sem allir geta fundið sér tilgang og hlutverk.

Græna planið var samþykkt í borgarstjórn 15. desember 2020. Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar sem dregur saman á einn stað helstu lykilverkefni og grænar fjárfestingar í borginni á komandi áratug.


Græna planið er viðbragð við þeim efnahagslegu áföllum sem kórónaveirufaraldurinn hefur haft í för með sér en ekki síður framtíðarsýn sem felur í sér blómlegri og grænni borg jafnra tækifæra fyrir alla borgarbúa.

Græna planið er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir.

Lykilviddir Græna plansins eru þrjár; efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg en sjálfbærni næst ekki nema tillit sé tekið til allra þriggja þátta.

Í aðgerðaáætlun Græna plansins 2021 er að finna stefnur, áætlanir og aðgerðir fyrir það ár. Lögð er fram ársfjórðungslega fyrir borgarráð stöðuskýrsla þar sem farið er yfir stöðu þessara forgangsverkefna árið 2021.

Nánari upplýsingar um Græna planið má sjá á heimasíðu þess, <https://graenaplanid.reykjavik.is/>.



2 Vaxandi borg

Þróun atvinnulífs til 2030

GRÆNN VÖXTUR

Í Reykjavík er kraftmikið, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsóknna og athafna.



Aðgerðir í fjármálum

Borgarstjórn hefur í fyrsta sinn sett sér fjármálastefnu og er hún til tíu ára. Þar er að finna með heildstæðum hætti þau markmið sem sett hafa verið til að vaxa út úr samdrættinum sem fylgt hefur COVID-19 faraldrinum og til að takast á við framtíðina. Skilaboð borgarstjórnar eru kröftug viðbrögð gegn atvinnuleysi og samdrætti með fjárfestingaráttaki til þriggja ára ásamt virkni- og vinnumarkaðsaðgerðum. Til að ná markmiðum fjármálastefnu hefur verið sett fram aðgerðaáætlun í fjármálum til ársins 2025.

Í febrúar sl. samþykkti borgarstjórn að veita 460 m.kr. í vinnu- og virkniaðgerðir. Ávinningur af þessum aðgerðum er byrjaður að birtast en t.d. var fjöldi notenda á fjárhagsaðstoð fyrstu níu mánuði ársins 1.256 að meðaltali eða um 29% undir áætlun. Vænst er til þess að til lengri tíma leiði aðgerðirnar til minni útgjalda borgarinnar og sterkari viðspyrnu á vinnumarkaði.

Þriggja ára fjárfestingaráttak í stafrænni umbreytingu er gríðarlega mikilvægt verkefni sem þegar er komið til framkvæmdar. Starfsfólk starfseininga og þjónustupátta borgarinnar er beðið að líta til þeirra tækifæra sem eru til staðar og velja verkefni í ljósi þess ávinnings sem hægt er að ná. Markmiðið er að ná fram skilvirkari þjónustu og stytta boðleiðir. Lögð er áhersla á sókn borgarinnar og nútímavæðingu í rekstri.

Þá er hafinn undirbúningur við miðlæg innkaup en á fyrri hluta ársins tók til starfa innkaupastjóri borgarinnar og er hans hlutverk að leita hagkvæmustu lausna í innkaupum og rekstri. Gert er ráð fyrir að ávinningur af verkefninu muni birtast strax á næsta ári.

Húsnæðis- og úthlutunaráætlun

Mikill kraftur einkenndi húsnæðisuppbyggingu í Reykjavík á þriðja ársfjórðungi ársins 2021. Á fyrstu þremur ársfjórðungum hafa 1.167 nýjar íbúðir komið inn á húsnæðismarkaðinn í Reykjavík. Á þriðja ársfjórðungi samþykkti byggingarfulltrúi áform um uppbyggingu á 294 íbúðum og hafa því áform um uppbyggingu á 1.147

Íbúðum verið samþykkt á fyrstu níu mánuðum ársins 2021. Á þriðja ársfjórðungi hófust framkvæmdir við byggingu á 255 íbúðum í Reykjavík skv. útgefnum byggingarleyfum og hafa því framkvæmdir hafist við 880 íbúðir á fyrstu níu mánuðum ársins 2021. Lóðum fyrir byggingu á 294 íbúðum hefur verið úthlutað á árinu, flestar eru í Úlfarsárdal.

Íbúafjöldi tók stórstökk en íbúum fjölgaði um 1.206 á þriðja ársfjórðungi og hefur þeim því fjölgað alls um 1.885 á árinu.

Atvinna og vinnumarkaðsaðgerðir

Fyrstu drög atvinnu- og nýsköpunarstefnu voru tilbúin í lok september. Stefnt er að því að stefnan fari í samráðsferli innan Reykjavíkurborgar um miðjan nóvember.

Áhersla í vinnumarkaðsaðgerðum hefur verið á ráðningu einstaklinga með og án bótaréttar, oftast í sex mánaða ráðningar. Í lok september var búið að ráða alls 178 einstaklinga, þar af voru 113 með bótarétt (á atvinnuleysisbótum) og 65 á fjárhagsaðstoð. Á árunum 2020 og 2021 var ráðið í 934 viðbótarsumarstörf fyrir 18 ára og eldri, því hafa alls 1.112 einstaklingar verið ráðnir í gegnum vinnumarkaðsaðgerðir síðan sumarið 2020. Niðurstöður könnunar sem gerð var meðal stjórnenda sem ráðið höfðu starfsmann í gegnum vinnumarkaðsaðgerðir sýna að 88% stjórnenda fannst starfsmenn hafa staðið sig mjög eða frekar vel. Þá voru 93% mjög eða frekar ánægðir með þjónustu Atvinnu- og virknimiðlunar. Almenn ánægja er meðal þátttakenda á námskeiðinu „Aftur út á vinnumarkaðinn“ sem Atvinnu- og virknimiðlun heldur.

Grænir þekkingarkjarnar

Merkja má aukinn áhuga á atvinnulóðum frá því sem hefur verið undanfarin ár.

Nokkrar fyrirspurnir hafa borist um gagnaverslóðir við Hólmsheiði í kjölfar hærra raforkuverðs í Evrópu. Deiliskipulag er þó skammt á veg komið. Viðræður eru í gangi við nokkra aðila um lóð á svæðinu. Fyrirspurnum er að fjölga og hafa nokkrar borist um lóð við Álfabakka 4. Nokkrar lóðir við Esjumela hafa verið seldar og er búið að óska eftir fleiri lóðum á sölu.

Í Gufunesi var fyrsti fundur haldinn með lykilhaghöfum á svæðinu. Þrjár lóðir þar eru í sölufarli og ein til viðbótar er í ferli í tengslum við Re-inventing Cities verkefnið. Fornleifarannsóknir í tengslum við annan deiliskipulagsáfanganga hverfisins ganga vel.

Vinna við nýtt félag miðborgarinnar gengur vel og er stefnt að ráðstefnu í vetur þar sem sú vinna verður kynnt ásamt stöðu verkefna varðandi atvinnuhúsnæði í miðborginni.

Markaðsátak í ferðamálum

Innlent markaðsstarf var áfram unnið undir merkjum Borgarinnar okkar sumarið 2021. Mikil samvinna var á milli Höfuðborgarstofu og Sumarborgarverkefnisins sem studdi við fjölda viðburða, fjölbreytta borgarhönnun og samskipti við hagaðila. Birtingar voru

á öllum helstu miðlum auk þess sem öflugt markaðsstarf var unnið í gegnum samfélagsmiðla og almannatengsl. Öflugar birtingar í tengslum við markaðsherferðina RE, fóru af stað á erlendum mörkuðum í byrjun júlí með góðum árangri. Höfuðborgarstofa hefur jafnframt unnið að árangursríkum almannatengslum og annarri miðlun. Áhugi erlendra fjölmiðla á Reykjavík hefur verið mikill og borgin trónað hátt á listum yfir eftirsóttustu áfangastaði heims.

Í samantekt Ferðamálastofu á brottfarartölum erlendra farþega frá Keflavíkurflugvelli, skráðum gistinóttum og nýtingu á hótelum kemur fram að 304.000 erlendir ferðamenn komu til landsins um flugvöllinn í sumar, og 108.000 í septembermánuði. Leita þarf níu ár aftur í tímann til að finna hliðstæðan fjölda ferðamanna að sumri. Fjöldinn mældist mestur á árunum 2017 til 2019 eða á bilinu 680 til 800 þúsund. Bandaríkjamenn voru langfjölmennasti hópur ferðamanna í sumar, eða um 40% af heildarfjölda, þar á eftir komu Þjóðverjar og í þriðja til fimmta sæti voru Pólverjar, Frakkar og Bretar. Erlendir ferðamenn dvöldu að jafnaði 9,1 nótt á landinu í sumar til samanburðar við 7,8 nætur sumarið 2019. Af þeim sóttu 92% Reykjavík heim og 69% gistu í borginni, þar sem meðalfjöldi gistinóttu var mestur.¹

Samkvæmt greiningu Íslandsstofu er eftirspurn eftir ferðum til Íslands til staðar en samkeppnin er hörð og það verður áfram áskorun að sannfæra ferðafólk um að velja landið fram yfir aðra áfangastaði.² Því er mikilvægt að vinna áfram öflugt markaðsstarf, koma sérstöðu borgarinnar á framfæri, styrkja hana sem áfangastað allt árið og stuðla að því að ferðafólk verji þar fleiri dögum af Íslandsferð sinni. Umfang ferðaþjónustu óx mikið frá árinu 2010 samhliða mikilvægi hennar fyrir íslenskt efnahagslíf. Áhrif COVID-19 faraldursins á umsvif og afkomu í ferðaþjónustu hafa verið gríðarleg en staða greinarinnar var veik fyrir, og hafði versnað á árinu 2019. Opinberar mótvægisáðgerðir nýttust ferðaþjónustunni og greinin hóf að sýna batamerki við opnun landamæra í sumar.³

¹https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/talnaefni/ferdatjonusta-i-tolum/2021/ny_skjol_arnar/2021-sumar.pdf

² Samantekt upplýsinga frá Íslandsstofu, m.a. úr <http://islandsstofa.is/media/1/konnun-erlendirferdasoluadilar-jun2021-isl2.pdf>

³ Samantekt gagna frá:

<https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2020/desember/fjarhagsgreining-stada-ferdathjonustufyrirtaekja-2019.pdf>

<https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2021/juli/seigla-i-ferdathjonustu-afangaskyrsla-rmf-juli-2021-m-forsidu.pdf>

<https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/category/1/thjodernasamsetning-erlendra-fartheega-i-oktober>

3 Græn borg

Áratugur aðgerða framundan í umhverfis- og loftslagsmálum

KOLEFNISHLUTLAUS BORG

Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040.



Stefnumótun

Aðalskipulag til ársins 2040 í auglýsingu

Tillögur að umfangsmiklum breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkur voru í kynningarferli í allt sumar og var haldinn opinn streymisfundur í ágúst þar sem breytingarnar voru kynntar. Megintilgangur breytinganna er að tvinna betur saman áætlanir aðalskipulagsins um þróun byggðar við uppbyggingu Borgarlínu og aðgerðir Loftslagsstefnu. Ætlunin er að skapa forsendur fyrir kröftugri vöxt borgarinnar jafnhliða því að styðja við markmið um sjálfbæra borgarþróun, kolefnishlutleysi árið 2040, vernd náttúrusvæða og líffræðilega fjölbreytni og samkeppnishæft, lífvænlegt, réttlátt og fjölbreytt borgarsamfélag. Tekið var við ábendingum og athugasemdum til 31. ágúst og unnið úr þeim á 3. ársfjórðungi.

Drögum úr losun gróðurhúsalofttegunda

Loftslagsmál

Nýjasta skýrsla IPCC - Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál, er skýrsla vinnuhóps 1 og kom út í ágúst 2021. Í skýrslunni voru dregnar fram niðurstöður rannsókna um mikilvægi þess að draga úr losun, samhengið á milli losunar gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum og aukinnar hlýnunar jarðar rifjað upp auk kortlagningar á helstu áhrifum loftslagsbreytinga um allan heim.

Losun gróðurhúsalofttegunda í Reykjavík 2020

Í september var niðurstaða úr samfélagslegu loftslagsbókhaldi Reykjavíkur kynnt í umhverfis- og heilbrigðisráði. Losun gróðurhúsalofttegunda í Reykjavík dróst verulega saman á milli árána 2019 og 2020, úr 594.000 tonnum CO₂ ígilda í 535.000 eða um 60.000 tonn CO₂ ígilda þegar á heildina er litið. Stærsti hluti samdráttarins er vegna minni bílaumferðar árið 2020 og nam samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda vegna

samgangna um 50.000 tonnum CO₂ ígilda. Næststærsti hluti samdráttarins var vegna minni urðunar, eða tæp 10.000 tonn CO₂ ígilda.⁴

Grænir hvatar í gjaldskrá íbúakorta

Í ágúst samþykkti borgarráð breytingu á gjaldi íbúakorta. Með þeirri breytingu fá eigendur hreinna rafmagns- og vetnisbíla helmingsafslátt. Á sama tíma var sveigjanleiki íbúa aukinn með gjaldtöku í hverjum mánuði. Grænir hvatar í gjaldskrá íbúakorta styðja þannig bæði við betri loftgæði og áherslur borgarinnar í loftslagsmálum.⁵

Ný umgjörð fyrir gangandi á Laugavegi og fjölgun rampa

Göngugötuhluti Laugavegar, Skólavörðustígs og Vegamótastígs fær nýja umgjörð þar sem fagurfræði og auga fyrir sögunni er rauður þráður í gegnum alla hönnun. Forhönnun þriggja, þverfaglegra teyma á verkefninu 9 skref var kynnt fyrir skipulags- og samgönguráði og borgarráði í lok ágúst. Tillögurnar voru unnar eftir forskrift og leiðbeiningum borgarhönnunar þar sem aðgengi allra, vörulosun, neyðarakstur og rými fyrir fólk var haft að leiðarljósi.

Unnið hefur verið að verkefninu „Römpum upp Reykjavík“ ásamt Haraldi Þorleifssyni sem hafði frumkvæði að því. Verkefnið snýr að því að koma upp römpum fyrir fólk með hreyfihömlun við verslanir, þjónustustofnanir og veitingahús í miðborginni. Lokið verður við að koma upp 100 römpum í lok ársins.

Meira rými fyrir fólk

21 hvílustæði hafa verið í notkun í borginni í sumar. Hvílustæði eru svæði þar sem borgin hefur veitt rekstraraðilum afnot af útisvæðum við húsnæði þeirra, til að færa aukið líf í borgarlandið og hvetja fólk til að njóta sín utandyra. Alls voru 35 bílastæði lögð undir fólk í staðinn fyrir bíla. Í mörgum stæðanna voru byggðir pallar með borðum og stólum og víða hefur verið lagt gervigras. Þá hafa sumir skapað aðstöðu fyrir hjólréiðafólk til að geyma hjól sín í stæðunum. Markmiðið er alltaf það sama, þ.e. að öllum sé frjálst að nýta aðstöðuna á hvílustæðunum og hafa það gott þótt ekkert sé keypt. Borgin á landið en rekstraraðilar fá afnot.⁶

Vistvæn byggð í Skerjafirði

Í september voru lagðar fram hönnunarleiðbeiningar fyrir nýtt hverfi í Skerjafirði. Þar eru lagðar markvissar línur fyrir vistvæna byggð en í leiðbeiningunum er sett fram heildarstefna um hönnun almenningsrýma á svæðinu. Takmarkið er að skapa sterkt

⁴ <https://reykjavik.is/frettir/losun-grodurhusaloftegunda-i-reykjavik-drost-saman-um-60000-co2-igildi>

⁵ <https://reykjavik.is/frettir/breyting-gjaldi-ibuakorta>

⁶ <https://reykjavik.is/frettir/idandi-mannlif-undir-berum-himni>

samband milli náttúru og borgar og búa til umhverfi sem hvetur til félagslegra athafna og er umhverfislega og efnahagslega sjálfbært.

Alþjóðleg samkeppni um loftslagsvæna þróun svæða í borginni

Niðurstöður í alþjóðlegu samkeppninni „Reinventing Cities Students“ lágu fyrir í september. Háskólanemum var boðið að þróa svæði eða stórar lóðir í borgum víðsvegar um heiminn og Reykjavík bauð fram svæði í efra Breiðholti fyrir stúdenta að vinna með í samkeppninni. Lykilþættir í hugmynd stúdentanna eru nokkrir: Í fyrsta lagi hjólastöð með öllum nauðsynlegum búnaði til viðgerða; í öðru lagi opið viðgerðaverkstæði þar sem íbúar geta fengið aðstoð og með tengingu við endurvinnslu væri margvísleg hagnýting möguleg og í þriðja lagi gróðurhús fyrir trjágræðlinga og aðra ræktun með áherslu á þjónustu og þekkingarmiðlun til íbúa á svæðinu.⁷

Þétting byggðar í Breiðholti

Samþykkt var í borgarráði í júlí að setja í auglýsingu deiliskipulagsbreytingar fyrir hverfiskjarna Breiðholts I og III í Arnarbakka og Fellagörðum ásamt Völvufelli. Reykjavíkurborg keypti byggingar í tveimur hverfiskjörnum á þessum svæðum með það að markmiði að styrkja kjarnana og taka svæðin í gegn.⁸

Vinnuskólinn með græna leiðbeinendur

Þátttaka í Vinnuskólanum var góð í sumar eins og í fyrra en alls voru tæplega 3.600 unglingar skráðir í skólann úr 8., 9. og 10. bekk. Í Vinnuskóla Reykjavíkur störfuðu fimm grænir fræðsluleiðbeinendur þetta sumarið. Skorað var á nemendur að taka umhverfisáskorun, að setja sér markmið sem hópur og ræða við leiðbeinanda um að vera með verðlaun ef þau næðu markmiðinu. Dæmi um markmið sumarsins voru t.d. vistvænar samgöngur, að koma með nesti í fjölnota íláti og flokka rusl.⁹

Blómleg borg

Veður var kalt í Reykjavík þetta sumarið og september sá sólarminnsti í 100 ár. Auk þess lá gosmóða yfir borginni í júlímánuði.¹⁰ Litrík blóm settu því enn sterkari svip á borgina þetta sumarið og var unnið með skreytingarþema í anda Van Gogh. Sólblómin blómstruðu á Austurvelli og gerð var tilraun með að gróðursetja vatnaliljur í Tjörninni. Grasagarðurinn náði þeim merka áfanga að verða 60 ára á árinu.

⁷ <https://reykjavik.is/frettir/studentar-vilja-lifandi-og-graent-umhverfi-i-breidholti>

⁸ <https://reykjavik.is/frettir/hverfiskjarnar-i-arnarbakka-og-fellagordum-lifna-ny>

⁹ <https://reykjavik.is/frettir/unglingar-laera-um-umhverfismaenan-lifsstil>

¹⁰ <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-september>

Endurgerð útisvæða við skóla- og leikskóla

Í sumar var unnið að endurgerð lóða við þrjá leikskóla borgarinnar; Vesturborg (1. áfangi), Hálsaskóg (1. áfangi) og Mánagarð. Lóðirnar voru allar bættar með nýju undirlagi undir leiktækin og ný leiktæki sett upp.

Þá var gert átak í umbótum á leiktækjum og yfirborði á sex öðrum leikskólalóðum; við Dalskóla, Fífuborg, Klettaborg, Langholt, Lyngheima og Nes-Hamra.

Í Selásskóla var lokið endurbótum á skólalóð sem hófust fyrir þremur árum og í Breiðholtsskóla var áfram unnið við endurgerð skólalóðarinnar sem hófst á árinu 2014.

Í Víkurskóla í Grafarvogi var lóðin endurbætt í ljósi þess að skólastarfið hefur breyst og var m.a. sett upp hreystibraut fyrir unglíngana. Þá voru tvö leiksvæði við Engjaskóla endurbætt til að mæta þörfum yngri barna.

Endurbætur voru líka gerðar á sunnanverðri lóðinni við Melaskóla, m.a. leiktækjum, vallarsvæði og gúmmífundirlagi.¹¹

¹¹ <https://reykjavik.is/frettir/endurbaetur-vid-thrja-leikskola-og-fimm-grunnskola>

4 Borg fyrir fólk

Þróun borgarsamfélagsins til 2030

ENGIN SKILIN EFTIR

Í Reykjavík verður græna umbreytingin byggð á réttlæti, sanngirni og þátttöku. Íbúar búa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigið líf og annarra í nútíð og framtíð.

Unnið er að ýmsum samfélagslegum þáttum til að græna umbreytingin komi öllum borgarbúum til góða og tryggi að engin verði skilin eftir.



Mætum grunnþörfum íbúa um lífsskilyrði og öryggi

Stefnumótun

Ný velferðarstefna Reykjavíkur til ársins 2030, ásamt aðgerðaáætlun sem gildir til ársins 2025, var samþykkt í borgarstjórn 15. júní. Í framhaldi hófst vinna við þær aðgerðir sem koma til framkvæmda á árinu 2021. Má þar helst nefna vinnu við umfangsmiklar stjórnkerfisbreytingar þar sem þjónustumiðstöðvar í Grafarvogi og Kjalarnesi annars vegar og Árbæ og Grafarholti hins vegar verða sameinaðar auk þess sem vinna við stofnun rafrænnar þjónustumiðstöðvar er hafin.

Áframhaldandi innleiðing á menntastefnu og frístundastefnu er í ferli. Á grunni menntastefnu Reykjavíkur vann framtíðarhópur að gerð almennra aðgerða fyrir tímabilið 2022-2024. Aðgerðirnar verða lagðar fram til samþykktar á haustönn.

Samráðsferli um aðgengisstefnu er lokið og er vinnsla stefnunnar á lokastigum en að því búnu verður hún send í umsagnarferli. Nú stendur yfir vinna við mótun aðgerðaáætlunar sem mun fylgja stefnunni.

Aðgerðaáætlun gegn sárafátækt liggur fyrir en í henni má finna aðgerðir sem miða að því að sporna við sárafátækt hjá börnum og fjölskyldum þeirra. Í aðgerðaáætluninni eru settar fram 15 aðgerðir til ársins 2023; fimm aðgerðum er lokið, 11 aðgerðir eru hafnar en eru mislangt komnar.

Aðgerðaáætlun gegn ofbeldi er á lokametrunum og verður send í umsagnarferli í október. Aðgerðaáætlunin er unnin af ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar og er sett fram til að fá yfirsýn yfir þau fjölmörgu verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi. Henni er einnig ætlað að vera vegvísir í baráttunni gegn ofbeldi og tryggja að þau verkefni sem tilgreind eru verði framkvæmd.

Áætlanir um uppbyggingu og viðhald húsnæðis

Grunnþörfum íbúa um lífsskilyrði og öryggi er mætt meðal annars með framkvæmd áætlana um uppbyggingu og viðhald húsnæðis. Opnaður var nýr íbúðakjarni fyrir

einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir í byrjun sumars 2021 auk þess sem íbúðum í húsnæði með stuðning hefur fjölgað. Hvað húsnæði fyrir heimilislausu varðar fjölgaði smáhúsunum í sumar og einnig hafa einstaklingar fengið úthlutað stökum íbúðum. Unnið er að endurbótum, endurnýjun og uppbyggingu nýs húsnæðis fyrir skóla- og frístundastarf borgarinnar. Samþykkt var nýtt átaksverkefni í uppbyggingu leikskóla í Reykjavík á grundvelli verkefnisins Brúum bilið og er undirbúningur fyrir opnun nýrra leikskóla „Ævintýraborga“ í fullum gangi ásamt tveimur fullbúnum leikskólarútum. Þá er unnið að stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf.

Stuðningur við flóttafólk

Flóttafólk er stór hópur í þjónustu velferðarsviðs og fengu 259 flóttamenn fjárhagsaðstoð til framfærslu í ágúst 2021. Hópurinn kemur frá fjölmörgum löndum þótt flestir þeirra eða um 80% hópsins eigi uppruna sinn að rekja til tíu landa. Frá Sómalíu kemur nokkuð stór hópur en á árinu 2020 fengu 56 einstaklingar þaðan þjónustu á velferðarsviði. Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, í samstarfi við félagsmálaráðuneytið, fór í september af stað með verkefni sem ætlað er ungum sómölskum karlmönnum en markmið þess er að fræða þá um mikilvæga þætti íslensks samfélags. Sérstaklega er hugað að þáttum sem efla þá og styrkja sem borgara.

Fólk í fyrirrúmi

Ný löggjöf um farsæld barna

Aðgerðir og þjónusta eru skipulögð út frá áherslupættinum fólk í fyrirrúmi og til að skapa jöfn tækifæri fyrir íbúa borgarinnar. Hafinn er undirbúningur nýrrar löggjafar um farsæld barna sem tekur gildi um áramótin 2021/2022. Verkefnisstjóri og faglegur leiðtogi skólaþjónustu þjónustumiðstöðva í núverandi mynd vinnur fyrir skóla- og frístundasvið og velferðarsvið að undirbúningi farsældarlaganna og að innleiðingu tillagna stýrihópsins Ísaks um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustubarfir sem samþykktar voru í júní 2021. Allir starfshópar eru komnir af stað og er mikil vinnsla í gangi innan þeirra sem og hjá framkvæmdastjórnnum beggja sviða, auk þess sem undirbúningi að ráðningu nýrra fagstjóra leik- og grunnskólamála í borgarhlutum er lokið.

Betri borg fyrir börn

Verkefnið Betri borg fyrir börn (BBB) sem hefur verið tilraunaverkefni í Breiðholti miðar að því að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi. Verkefnið er unnið í nánú samstarfi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs. Samþykkt var í júní að innleiða verkefnið um alla Reykjavíkurborg. Í sumar var unnið að umfangsmiklu árangursmati á verkefninu í Breiðholti en það fól meðal annars í sér að allir þátttakendur með beina aðkomu að verkefninu innan sviðanna tveggja voru boðaðir til þátttöku. Boðið þáðu yfir hundrað starfsmenn úr fjölbreyttum faghópum. Markmið matsins var að meta árangurinn af verkefninu, hvað hefði mátt betur fara og mögulegan ávinning og tækifæri verkefnisins til framtíðar. Matið er mikilvægt innlegg inn í innleiðingu BBB í önnur hverfi borgarinnar og útfærslu

farsældarlaganna á þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Niðurstöðum mats var skilað til eigendahóps BBB og sviðsstjóra sviðanna tveggja í september.

Nýtt innritunarkerfi og reiknilíkan í grunnskólastarfi

Unnið er að innleiðingu nýs innritunarkerfis í grunnskólum borgarinnar í samstarfi skóla- og frístundasviðs og þjónustu- og nýsköpunarsviðs en verkefnið er unnið í Gróðurhúsinu og kemur til framkvæmdar í lok árs. Markmiðið er að bæta þjónustu við foreldra þegar kemur að innritun og utanumhaldi upplýsinga vegna grunnskólabyrjunar og flutnings úr leikskóla í grunnskóla. Í lok september var nýtt reiknilíkan (Edda) fyrir grunnskóla samþykkt í borgarráði. Markmiðið er að ná fram rekstrarlegri og faglegri bestun á líkaninu þar sem áhersla er á að tryggja jafnræði á milli skóla og hverfa þar sem tekið er tillit til mismunandi lýðfræðilegra þarfa og/eða mismunandi aðstæðna. Með því verður horfið frá reiknilíkani sem byggir um of á vægi greininga á þroska barna sem forsendu fjárveitinga.

Velferðartækni

Áframhaldandi þróun er á sviði velferðartækni. Skjáheimsóknir í heimahjúkrun og heimaþjónustu eru meðal stórra verkefna velferðartæknismiðju. Staðan nú er að öll stærri tæknileg úrlausnarefni skjáheimsókna hafa verið leyst og nýskráðum notendum fjölgar jafnt og þétt. Annað verkefni velferðartæknismiðju eru sjálfvirkir lyfjaskammtarar og eru prófanir að hefjast. Þann 16. september var undirritaður samningur við Icepharma ehf. um leigu á 25 lyfjaskömmturum til prófana næstu tíu mánuði.

Notendasamráð og notendakannanir

Í velferðarþjónustu hefur markvisst verið unnið að því að auka umfang notendasamráðs og notendakannana. Lögð er áhersla á að samtal og kannanir séu á nokkrum tungumálum og að fólki með skert tjáskipti sé mætt til að fá fram raddir sem flestra. Á þriðja ársfjórðungi var unnið að fjölmörgum könnunum og ber þar helst að nefna notendakannanir meðal eldri borgara í þjónustuíbúðum, dagdvöl og heimaþjónustu. Hafin var vinna við umfangsmikla könnun meðal íbúa á heimilum fyrir fatlað fólk þar sem öllum íbúum um sextíu íbúðakjarna og sambýla var boðin þátttaka. Markmiðið könnunarinnar er að meta tækifæri íbúa til sjálfstæðs lífs til samræmis við stefnu Reykjavíkurborgar í málaflokki fatlaðra.

Vinnu- og virkniúrræði

Þá eru yfirstandandi vinnu- og virkniúrræði borgarinnar til að skapa störf og virkniúrræði fyrir þá sem eru atvinnulausir eða notendur fjárhagsaðstoðar. Námskeiðið „Aftur út á vinnumarkaðinn“ hófst í september en það er haldið fyrir notendur með fjárhagsaðstoð til framfærslu. Markmið námskeiðsins er að efla og styðja þátttakendur til að fara út á vinnumarkaðinn. Í framhaldi af námskeiðinu er stefnt að því að þátttakendur taki þátt í vinnumarkaðsúrræðum borgarinnar. Undirbúningur er hafinn að námskeiði fyrir flóttamenn og einstaklinga með erlent ríkisfang sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu

þar sem farið verður yfir þá þætti sem þarf að hafa í huga við að stofna fyrirtæki en námskeiðið verður haldið í janúar á næsta ári.

Regnbogavottun

Regnbogavottun Reykjavíkurborgar hefur verið innleidd hjá starfstöðum borgarinnar og hafa nú hátt í 30 starfseiningar fengið vottunina. Með henni hefur starfsfólk öðlast meiri skilning á stöðu hinsegin fólks, bætt starfsumhverfi sitt og gert þjónustuna hinseginvænni. Einnig hefur ráðgjöf og fræðsla um trans börn verið veitt. Um er að ræða viðkvæman hóp og oft á tíðum er takmörkuð þekking á honum. Samhliða því að bjóða upp á fræðslu um trans börn og önnur hinsegin börn, hafa verið settar upp vefsíður með upplýsingum, gátlistum, stuðningsáætlun og ábendingum á efni um hinsegin börn og trans börn sérstaklega sem nýtast öllum þeim sem starfa með börnum.

Samtal og þátttaka íbúa

Áfram er unnið að því að borgarbúar láti í sér heyra. Drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkur voru í umsagnarferli fram í september 2021 og er áætlað að stefnuþróun, aðgerðaráætlun og mælanleg markmið verði lögð fyrir borgarstjórn í október 2021.

Hugmyndasöfnun í verkefninu „Hverfið mitt“ fór fram í byrjun árs 2021. Íbúar Reykjavíkur slógu öll met í hugmyndasöfnuninni og sendu inn 1.320 hugmyndir, samanborið við 1.054 árið 2019. Uppstilling kjörseðla fór svo fram á opnum fundum hjá íbúaráðunum og kosið verður í október um hvaða hugmyndir verða framkvæmdar í hverfum borgarinnar til að auka lífsgæði íbúa.

Menntun fyrir alla

Stafræn gróska og markviss styrkjasókn

Menntun fyrir alla á öllum aldursskeiðum er lykilþáttur í starfsemi borgarinnar. Börn og unglingar eru bæði í formlegu og óformlegu námi í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Unnið er að stafrænni vegferð í skóla- og frístundastarfi í gegnum átaksverkefnið „Stafræn gróska“ þar sem lögð er áhersla á þróun kennslu- og starfshátta, aukna kennsluráðgjöf og valdeflingu starfsfólks, barna og ungmenna í gegnum tækni og sköpun þar sem hver nemandi hefur eigið tæki til umráða. Á grunni menntastefnu Reykjavíkurborgar er unnið að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri og eru fjölmörg slík verkefni í gangi í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Uppskeruhátíð þeirra verkefna var haldin í maí á rafrænu [MenntaStefnumóti](#) sem nýtist áfram í starfsþróun og fræðslu. Markviss styrkjasókn í Evrópustyrki, sérstaklega Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins, styður við innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur með því að skapa tækifæri fyrir starfsfólk sviðsins til að kynna nýjustu stefnum og straumum í menntamállum í Evrópu. Þann fyrsta september hófst fyrsta árið þar sem skóla- og frístundasvið er með aðild að Erasmus+. Þessi aðild tryggir árlega styrki fyrir 60-80 starfsmenn í leikskólum og grunnskólum til að skipuleggja námsheimsóknir og sækja námskeið í Evrópu.

Stuðningur við börn af erlendum uppruna

Unnið er samkvæmt áætlunum við að efla stuðning við börn af erlendum uppruna í skóla- og frístundastarfi til að tryggja virka þátttöku þeirra, árangur og framfarir í námi. Verkefnið “Velkomin í hverfið” hefur nú verið innleitt í grunnskólum allra hverfa en innleiðing verkefnisins í leikskóla er að hefjast. Tvö íslenskuver tóku til starfa í ágúst 2021 en markmiðið er að koma betur til móts við þarfir fjöltyngdra grunnskólanemenda sem hefja nám hér á landi í fyrsta sinn og eru í þriðja til tíunda bekk. Unnið er að innleiðingu á stöðumati í grunnskólum fyrir nýja nemendur en Miðja máls og læsis styður við þá vinnu. Í leikskólum er unnið að innleiðingu hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd leikskólabörn og voru haldnir kynningarfundir fyrir starfsfólk og stjórnendur á tímabilinu.

Líðan barna og unglunga

Fylgst er með líðan barna og unglunga í reglubundnum könnunum en Rannsókn og greining vinnur árlega að könnun um heilsu og líðan nemenda í 8., 9. og 10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur. Þá eru nemendakannanir Skólapúlsins lagðar fyrir úrtök nemenda yfir allt árið og niðurstöðurnar birtar í skólaskýrslum sem hver skóli hefur aðgang að í gegnum vefkerfi og í skólavog Skólapúlsins sem birti heildarniðurstöður í byrjun júní. Haldinn var kynningarfundur fyrir stjórnendur í skóla- og frístundastarfi í upphafi skólaársins þar sem fjallað var um niðurstöður könnunarinnar, rætt um áhrif COVID-19 faraldursins á lýðheilsu barna, nýja lýðheilsustefnu borgarinnar og sagt frá Flotanum, flakkandi félagsmiðstöð sem heldur úti starfsemi í öllum hverfum borgarinnar. Markmið Flotans er að bregðast við áhættuhegðun unglunga, setja af stað vinnu sem miðar að því að stemma stigu við brotthvarfi úr skipulögðu frístundastarfi og skapa aðstæður til að koma betur til móts við unglunga með annað móðurmál en íslensku.

Bætt lýðheilsa

Lýðheilsustefna Reykjavíkur var samþykkt í borgarstjórn í byrjun október. Aðgerðir stefnunnar eru 31 talsins og dreifast á öll fagsvið Reykjavíkurborgar auk þess sem áhersla er á þátttöku í heilsueflandi leik- og grunnskólastarfi og heilsueflandi starfi eldri borgara í samstarfi við Landlæknisembættið. Einni aðgerð er þegar lokið en það er rannsókn á ójöfnuði í heilsu eftir hverfum borgarinnar. Aðgerðir stefnunnar fela m.a. í sér skipan stýrihóps og starfshóps um lýðheilsu innan borgarinnar auk þátttöku í lýðheilsuborgarsamtökum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar en Reykjavík fékk aðild að samtökunum í maí sl. og varð með því ein af lýðheilsuborgum Evrópu.

Menning í Reykjavík

Menningarstefna í mótun

Drög að menningarstefnu voru lögð fyrir menningar-, íþrótt og tómstundaráð í byrjun júní 2021. Stefnudrögin fóru í opið samráð til íbúa Reykjavíkur á Betri Reykjavík og var

samráðið opið í tvo mánuði og lauk í lok ágúst. Stefnan er byggð á þremur megináherslum; 1. Ævilöng inngilding og aðgengi borgarbúa að menningu og listum, 2. Reykjavík - borg sem listafólki þykir gott að búa og starfa í og 3. Menning og listir í öllum hverfum borgarinnar. Unnið er að aðgerðaáætlun sem fylgir stefnunni og er fyrirhugað að leggja bæði skjölin fram til samþykktar í byrjun nóvember.

Safnastarfsemi og safnahús

Borgarráð samþykkti stofnun Listasafns Nínu Tryggvadóttur í lok júní að frumkvæði dóttur Nínu, Unu Dóru Copley og eiginmanns hennar heitnum, Scott Jeffries. Una Dóra hefur gefið um 1.500 verk til stofnunar safnsins. Borgarráð samþykkti í lok september að gengið yrði frá kaupum á hlut Faxaflóahafnar í Hafnarhúsinu og að efnt yrði til hugarflugs og samráðs um útfærslu á Hafnarhúsi, húsi myndlistar. Þar verður safn Nínu Tryggvadóttur, Listasafn Reykjavíkur og Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Áætlað er að niðurstöður samráðsins liggi fyrir í mars 2022.

Íþróttir í Reykjavík

Íþróttastefna í innleiðingu

Vinna er hafin eftir nýrri íþróttastefnu sem var samþykkt í borgarstjórn í apríl 2020 og gildir til 2030. Framtíðarsýn fyrir árið 2030 er að sem flestir Reykvíkingar stundi reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu. Markmiðið 2030 er að lágmark 70% íbúa stundi rösklega hreyfingu í 30 mínútur eða meira að lágmarki þrisvar í viku. Í íþróttastefnunni hefur verið valið að vinna að þremur af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, þ.e. markmiðum um heilsu og vellíðan, jafnrétti kynjanna og aukinn jöfnuð.

Sundlaugar og frístundakort

Framkvæmdir í Dalslaug hafa staðið yfir undanfarna mánuði og eru nú á lokametrunum. Áætlað er að hefja sundkennslu í innlaug í seinni hluta nóvember 2021 og að full starfsemi verði í lauginni í byrjun árs 2022. Vinna varðandi rafrænar lausnir á sölu korta og miða í sundlaugarnar hefur verið í gangi síðan í sumar og vonast er til að hluti af lausnunum verði kominn í gagnið í byrjun árs 2022. Samningar um frístundakortið voru endurnýjaðir við öll félög og í ágúst 2021 tók ÍTR upp rafrænar undirskriftir frístundasamninga sem hefur bætt ferlið til muna.

5 Stoðaðgerðir

Sviðsmynda- og áhættugreiningar

Lokadrög sviðsmynda um það hvernig borg Reykjavík verður árið 2035 með tilliti til efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra þátta voru kynnt fyrir vinnuhópi um Græna planið í lok september. Unnið hefur verið úr athugasemdum hópsins. Auk þess var ákveðið að kynna drögin fyrir fulltrúum menningar- og ferðamálasviðs, íþróttá- og tómstundasviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Stefnt er að því að sviðsmyndirnar verði tilbúnar um miðjan nóvember.

Stafræna umbreytingin

Stafræna umbreytingin felur í sér að ná fram efnahagslegri og umhverfisvænni hagræðingu í starfsemi borgarinnar á þann hátt að upplýsingatækni sé nýtt á skynsaman og upplýsandi hátt. Upplýsingatæknin verði drifkraftur í allri nýsköpun og endurmótun borgarinnar. Áfram er unnið að því að styrkja grunninnviði hjá borginni með það að leiðarljósi að til verði skilvirkur farvegur fyrir stafræna umbreytingu borgarinnar. Teymi af stafrænum leiðtogum er byrjað að vinna í því að greina stafrænar áherslur og forgangsröðun innan sviða og utan. Mannauðurinn hefur vaxið hratt og mikil þekkingaruppbygging á sér stað ásamt uppsetningu á ferlum og skipulagi á auðlindum. Innleiðing á grunni að framkvæmd fyrir innkaup á grænni upplýsingatæknirekstri er yfirstandandi.

Beta vefur borgarinnar var settur í loftið og unnið er úr ábendingum á honum og enskri þýðingu. Nýtt útlit fyrir mínar síður hefur verið sett upp og fyrsta stafræna ferlið var sett upp og hafist handa við þau næstu. Prufukeyrsla á innleiðingu á Office 365 var framkvæmd og undirbúningur hafinn fyrir framhaldið. Byrjað var á viðamikilli búnaðardreifingu í skólaumhverfið til stuðnings í verkefninu „Stafræn gróska“.

6 Innleiðing sjálfbærnistaðla

Til að mæla árangur Græna plansins horfir Reykjavíkurborg til innleiðingar staðla sem mæla sjálfbærni. Reykjavíkurborg skrifaði í september 2020 undir samning um að innleiða staðalinn ISO 37120, um sjálfbærar borgir og samfélög frá alþjóðlegu samtökunum World Council on City Data (WCCD). Staðallinn mælir umhverfislega, efnahagslega og samfélagslega sjálfbærni borgarinnar og styður við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna hjá borgum. Reykjavíkurborg mun innleiða þrjá ISO staðla um sjálfbærar borgir og samfélög. Staðlarnir samanstanda hver um sig af 60-150 mælikvörðum í 17 yfirflokkum sem stýra og mæla frammistöðu borga á hverju áherslusviði fyrir sig. Vottun verður svo veitt árlega eftir því hve mörgum mælikvörðum verður skilað inn hverju sinni.

Tveimur fyrstu stöðlunum af þessum þremur hefur nú verið skilað til samtakanna WCCD en þau aðstoða borgina í þessu verkefni. Fyrsti staðallinn snýr að því að mæla

þjónustuveitingu borgarinnar og lífsgæði íbúa hennar. Annar staðallinn snýr að því að mæla framþróun í snjallvæðingu borgarinnar, þ.e. að mæla árangur hennar og þroskaferli í stafrænni vegferð og tækni- og nútímavæðingu. Borgin hlaut hæstu gæðavottun fyrir þjónustustaðalinn og lof fyrir gæði gagna og fjölda mælikvarða sem skilað var inn og svokallaða „Early Adopter“ vottun fyrir snjallborgarstaðalinn þar sem hún var í hópi fyrstu borga heims við innleiðingu hans. Innleiðingin gekk óvenjuhratt fyrir sig og hlaut borgin sömuleiðis lof fyrir vönduð vinnubrögð.

Þriðji staðallinn, ISO 37123 mælir seiglu (resilience) borgarinnar. Með seiglu er átt við að borgin geti aðlagast og jafnað sig fljótt á þeim áföllum sem hún gæti orðið fyrir af völdum náttúruhamfara eða manna, t.d. vegna jarðskjálfta, eldgoss, loftslagsbreytinga, heimsfaraldra líkt og COVID-19, fjármálakreppu, netárása og fleira. Áhættustýring Reykjavíkurborgar hefur aðkomu að þessum staðli og mun nýta niðurstöður hans í sína vinnu.

Markmið Reykjavíkurborgar með innleiðingu seiglustaðalsins er að mæla viðnámsþrótt og áhættuþol borgarinnar með stöðluðum, alþjóðlegum mælikvörðum. Niðurstöðurnar verða nýttar til þess að fylgjast með stöðu borgarinnar á alþjóðavísu í gegnum samanburðargrunn WCCD, sem leiðarljós í því að betrubæta borgarumhverfið á öruggan hátt og til þess að kortleggja áherslur Heimsmarkmiðavinnu borgarinnar.

Nú, í lok september 2021, stendur yfir undirbúningur fyrir innleiðingu þriðja staðalsins sem stefnt er á að hefjist í nóvember. Einnig er verið að kynna verkefnið fyrir stjórnendum sviða og öðrum viðeigandi aðilum og fínþússa umgjörð verkefnisins í samstarfi við ábyrgðaraðila sviðanna. Ábyrgðaraðilum er ætlað að taka samtalið áfram við sitt svið um notkun mælikvarðanna til þess að fylgjast með árangri stefna og verkefna sviðsins. Þar sem staðlarnir verða uppfærðir árlega fyrstu þrjú ár samningsins, er samtímis þessu unnið að undirbúningi fyrstu uppfærslu þjónustustaðalsins.

7 Samantekt

Yfirliti yfir innleiðingu Græna plansins á þriðja ársfjórðungi ársins 2021 er ætlað að veita greinargóða yfirsýn yfir stöðu innleiðingarinnar og framkvæmd einstakra aðgerða og áætlana. Mikil vinna hefur verið lögð í að bregðast við þeim efnahagslegu áföllum sem kórónaveirufaraldurinn hefur haft í för með sér og í að taka markviss skref til að framtíðarsýn Græna plansins geti orðið að veruleika. Þannig endurspeglar ársfjórðungsskýrslan öfluga fjárfestingu í grænum samgöngum, grænum innviðum, grænum hverfum, grænni nýsköpun og grænum störfum sem ætlað er að auka lífsgæði fólks í borginni og gera Reykjavík að enn betri stað til að búa og starfa á.

Ítarlegt yfirlit yfir stöðu aðgerða Græna plansins árið 2021 og einkum á þriðja ársfjórðungi má sjá í viðauka við ársfjórðungsskýrsluna.



Viðauki: Græna planið - Stefnum, áætlanir og aðgerðir 2021 - Stöðulýsing fyrir júlí-september 2021

Stefnur í vinnslu 2021	Lýsing	Staða	Stöðulýsing - 30. september 2021
Aðalskipulag Reykjavíkur - Uppfærsla 2040	Endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggingu og blandaða byggð og framlenging skipulagstímabils til ársins 2040. Sett verður fram almenn sýn um þróun borgarinnar til lengri tíma, gerð grein fyrir megin forsendum breytinga og þeim lýst.	í vinnslu 3	Samþykkt var í borgarstjórn 15.6.2021 að setja Aðalskipulagið í auglýsingu og var það í auglýsingu til loka ágúst. Tillaga að uppfærðu aðalskipulagi verður lagt fram til samþykktar í október 2021.
Atvinnu- og nýsköpunarstefna Reykjavíkur	Mótun atvinnu- og nýsköpunarstefnu með áherslu á fjölbreytileika, sjálfbærni, samkeppnishæfni og nýsköpun.	í vinnslu 2	Fyrstu drög atvinnu- og nýsköpunarstefnu voru tilbúin í lok september. Stefnt er að því að stefnan fari í samráðsferli innan Reykjavíkurborgar um miðjan nóvember.
Loftslagsáætlun Reykjavíkur	Endurskoðun loftslagsáætlunar sem miðar að kolefnishlutleysi Reykjavíkur 2040 og aðlögun að loftslagsbreytingum.	Lokið	Endurskoðun er lokið og aðgerðaáætlun 2021-2025 samþykkt.
Velferðarstefna Reykjavíkur	Mótun heildstæðrar velferðarstefnu sem ætlað er að ná fram heildarmynd af þeim mismunandi málaflokkum sem heyrna undir velferðarráð og velferðarsvið, forgangsraða verkefnum og skipuleggja starfseminna þannig að stefna sviðsins, gildi og leiðarljósi í þjónustuveitingu verði ávallt í forgrunni og í samræmi við stefnuáætlun ráðsins.	Lokið	Velferðarstefna Reykjavíkur var samþykkt í borgarstjórn 15.6.2021.
Lýðheilsustefna Reykjavíkur	Mótun lýðheilsustefnu ásamt tillögum að framfylgd og fyrstu aðgerðum. Markmið stefnunnar er að skapa umhverfi og aðstæður sem auka jöfnuð, heilsu og hamingju þannig að allir borgarþátttakendur hafi tækifæri á að njóta lífsins í sátt og samlyndi.	Lokið	Lýðheilsustefna Reykjavíkur var samþykkt í borgarstjórn 5.10.2021.
Lýðræðisstefna Reykjavíkur	Mótun nýrrar stefnu í lýðræðismálum með það að markmiði að efla samráð við borgarþátttakendur og formgera enn frekar möguleika þeirra til áhrifa á stjórnmálum Reykjavíkurborgar. Stefnan verði leiðarljósi um það með hvaða hætti íbúar koma að ákvarðanatöku í verkefnum Reykjavíkurborgar.	í vinnslu 3	Lokadrög að stefnunni voru í umsagnarferli frá júlí til september árið 2021. Áætlað er að stefnudrög, aðgerðaráætlun og mælanleg markmið verði lögð fyrir borgarstjórn í október 2021.
Aðgengisstefna Reykjavíkur	Heildstæð stefna ásamt aðgerðaáætlun um aðgengismál í viðum skilningi í Reykjavík með algilda hönnun að leiðarljósi, bæði hvað varðar aðgengi að byggingum og borgarrýmum og hvað varðar aðgengi að upplýsingum og þjónustu.	í vinnslu 3	Samráðsferli um stefnuna er lokið og er vinna við gerð aðgerðaáætlunar yfirstandandi. Stefnt er að umsagnarferli fyrir lok árs 2021.
Menningarstefna Reykjavíkur	Endurskoðun menningarstefnu Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlunar. Menningarlíf höfuðborgarinnar á að standa öllum opit, þannig að hver og einn skynji hlutdeild sína í menningarlífinu, hafi jafnt aðgengi og geti tekið þátt í því á eigin forsendum.	í vinnslu 3	Opnu samráði um drög að nýrri menningarstefnu lauk 20. ágúst. Vinna við lokaútfærslu stefnunnar og aðgerðaáætlunar er langt komin. Stefnan og aðgerðaáætlunin verða lagðar fyrir MÍT til samþykktar í nóvember.
Fjármálastefna Reykjavíkur	Fjármálastefnan er samþykkt samhliða Græna planinu og stýður við það. Stefnan byggir m.a. á grunnildum sjálfbærni, varfærni og stöðugleika í fjármálum. Hún tekur gildi árið 2021 og verður markmiðum hennar fylgt eftir með reglubundnum hætti.	Lokið	Fjármálastefna Reykjavíkur var samþykkt í borgarstjórn 15.12.2020.
Áhættustefna Reykjavíkur	Mótun áhættustefnu sem myndar heildstæða umgjörð áhættustjórnunar hjá A-hluta Reykjavíkurborgar. Hún stýður við meginmarkmið borgarinnar og sviða hennar, styrkir grundvöll ákvarðanatöku og tryggir að settum lögum og reglum sé fylgt í starfseminni.	Lokið	Áhættustefna Reykjavíkur var samþykkt í borgarstjórn 15.6.2021.

Aðgerðir 2021 - Efnahagsmál	Lýsing	Staða	Stöðulýsing
Aðgerðaáætlun í fjármálum Reykjavíkur - Reykjavík vex út úr vandanum	Aðgerðaáætlun í fjármálum Reykjavíkur með áherslu á framsókn og verndun velferðar, lífsgæða og starfa.	í vinnslu 3	Vinnu- og virknaðaræðir eru komnar til framkvæmda og er útlit fyrir að markmið aðgerðanna náist á árinu 2021. Fyrstu níu mánuði ársins er fjöldi notenda á fjárhagsaðstoð 1.256 að meðaltali eða 29% undir áætlun. Aðrar aðgerðir eru í undirbúningi eða hafnar s.s. fjárfestingaráttak í stafrænni umbreytingu og miðlæg innkaup.
Fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar	Fjárfestingaráttak borgarinnar þar sem grænar fjárfestingar og góð nýting fjármuna er í fyrsta sæti og fjármagnað með útgáfu grænna skuldabréfa.	í vinnslu 3	Fjárfestingaráttak Reykjavíkurborgar er komið til framkvæmda. Í útkomuspá er gert ráð fyrir fjárfestingar ársins nemi 22 ma.kr. og hefur borgin aldrei áður fjárfest fyrir jafnmikið á einu ári. Á árinu 2022 er ráðgert að verja um 25 ma.kr. til grænna fjárfestinga.
Vinnumarkaðs aðgerðir - fjölgun starfa	Græni hluti fjárfestingaráætlunar Reykjavíkur gerir ráð fyrir að skapa 1.200 bein og afleidd störf árið 2021 á sama tíma og þau störf sem fyrir eru verða varin. Áhersla er á fjölbreytt störf og fækkun einstaklinga á atvinnuleysisráði og á fjárhagsaðstoð og að skapa sumarstörf fyrir námsmenn 2021.	í vinnslu 3	Áhersla í vinnumarkaðsaðgerðum hefur verið á ráðningu einstaklinga með og án bótaréttar, oftast í 6 mánaða ráðningar. Í lok september var búið að ráða alls 178 einstaklinga. Á árinum 2020 og 2021 var ráðið í 934 viðbótarsumarstörf 18 ára og eldri, því hafa alls 1.112 einstaklingar verið ráðnir í gegnum vinnumarkaðsaðgerðir síðan sumarið 2020.
Markaðsáttak Reykjavíkur í ferðamálum	Markaðssetning Reykjavíkur innanlands og erlendis og styrking sjálfstæðrar ímyndar borgarinnar sem áfangastaður og að skapa skýra sérstöðu borgarinnar.	í vinnslu 3	Innlend markaðssetning var áfram unnin undir merkjum Borgarinnar okkar sumarið 2021. Mikil samvinna var á milli Höfuðborgarstofu og Sumarborgarverkefnisins. Birtingar í tengslum við markaðsherferðina RE fóru af stað á erlendum mörkuðum í byrjun júlí með góðum árangri. Ferðabjónustan sýnir hægfara batamerki en áfram er mikilvægt að vinna öflugt markaðsstarf.
Húsnæðisáætlun Reykjavíkur	Húsnæðisáætlun skilgreinir helstu byggingarsvæði í Reykjavík, lóðaúthlutun, fjárframlög til húsnæðismála, samvinna við húsnæðisfélög sem byggja án hagnaðarsjónarmiða, kaupáform Félagsbústaða og uppbyggingu borgarinnar á félagslegum húsnæðisúrræðum.	í vinnslu 3	Undirbúningsvinna að árlegri uppfærslu húsnæðisáætlunar er langt komin og verður hún lögð fram í október. Árlega að hausti til. Ársfjórðungsskýrslur húsnæðisáætlunar fyrir jan-mars og apríl-júní 2021 útgefnar.
Úthlutunaráætlun íbúðarhúsalóða	Í úthlutunaráætlun íbúðarhúsalóða árið 2021 er áætlað að úthluta lóðum undir 1.028 íbúðir; lóðir fyrir 400 íbúðir fyrir verkefni borgarinnar um hagkvæmt húsnæði - ungt fólk og fyrstu kaupendur, húsnæðisfélög lóðir fyrir 260 íbúðir og lóðir undir 367 íbúðir verða seldar í útboði.	í vinnslu 3	Á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins hefur borgin úthlutað 13 lóðum þar sem byggja má 294 íbúðir. Ný úthlutunaráætlun verður lögð fram samhliða uppfærðri húsnæðisáætlun í október.
Græn íbúðauppbygging - innviðafjárfestingar	Innviðafjárfestingar vegna grænna íbúðauppbyggingar um alla borg og á nýjum uppbyggingarsvæðum.	í vinnslu 2	Innviðafjárfestingar eru yfirstandandi í Vogabyggð, á Hlíðarendu og í Gufunesi. Þá er stefnt að því að útboð vegna verkhönnunar í nýjum hverfum í Skerjafirði og Ártúnshöfða verði auglýst á árinu 2021. Áætlað er að framkvæmdir við innviðuppbyggingu í Skerjafirði og Ártúnshöfða hefjist á árinu 2022.
Grænir þekkingarkjarnar og ný athafnasvæði	Uppbygging þekkingartengdra og skapandi greina og ný athafnasvæði, m.a. í Vatnsmyri, Gufunesi, Álfabakka, á Esjumelum og í miðborginni.	í vinnslu 3	Vinna við nýtt félag miðborgarinnar gengur vel og er stefnt að ráðstefnu í vetur þar sem sú vinna verður kynnt ásamt stöðu verkefna varðandi atvinnuhúsnæði í miðborginni. Undirbúningur alþjóðlegrar markaðssetningar Þekkingarþorpsins í Vatnsmyri er í fullum gangi undir forystu Íslandsstofu. Undirbúningur að þekkingarþorpi í Gufunesi er hafinn, haldinn var fundur með lykilhöfðum á svæðinu auk þess sem nokkrar eignir þar eru nú í söluferli undir skapandi greinar. Deiliskipulagsvinna við nýtt athafnasvæði við Hólmsheiði er í vinnslu.

Aðgerðir 2021 - Umhverfismál	Lýsing	Staða	Stöðulýsing
Aðgerðaaætlun í loftslagsmálum til 2025	Markmið áætlunarinnar er að Reykjavík verði kolefnishlutlaus 2040. Sem hluti af vegferðinni í átt að kolefnishlutleysi var sett fram aðgerðaaætlun 2016-2020 sem verður endurnýjuð fyrir árin 2021-2025.	Lokið	Aðgerðaaætlun 2021-2025 var samþykkt á fyrsta ársfjórðungi.
Grænar samgöngur og Borgarlína	Fjárfestingar Reykjavíkur í grænum samgöngum, samgöngusáttmála og fyrstu áföngum Borgarlínu.	Í vinnslu 1	Hafin er deiliskipulagsvinna hjá Reykjavíkurborg vegna Borgarlínu. Deiliskipulag vegna fjögurra svæða hafa verið auglýst og sjö svæði eru í vinnslu.
Hjólreiðaaætlun 2021-2025	Markmið hjólreiðaaætlunar er að auka hlutdeild hjólreiða í öllum ferðum fólks innan borgarinnar, að öryggi í hjólreiðum sé í fyrirrúmi og að hjólreiðar eiga að vera fyrir alls konar fólk og á alls konar hjólum. Síðast en ekki síst að það sé gaman að hjóla!	Lokið	Hjólreiðaaætlun var samþykkt í borgarstjórn 15.6.21 og skipaður stýrihöpur til innleiðingar í byrjun júlí sl. Borgarráð hefur samþykkt að bjóða út framkvæmdir við hjólreiðastíga fyrir 1,5 milljarð króna á árinu 2021.
Græn svæði	Fjárfestingar í grænum svæðum og gróðri viðs vegar um borgarlandið.	Í vinnslu 3	Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum 2. september 2021 að ganga að tilboði lægstbjóðanda vegna verksins "Græna netið - þétting gróðurs. 2 áfangi"
Forgangsáætlun matarstefnu	Áætlun um forgangsroðun aðgerða innan matarstefnu Reykjavíkurborgar. Markmið matarstefnu eru að stuðla að betri heilsu Reykvíkinga, styrkja máltíðabjónustu og stuðla að því að borgin nái markmiðum sínum hvað varðar öryggi, sjálfbærni, lýðheilsu og hagkvæmni.	Í vinnslu 2	Lokið var við um þriðjung aðgerða matarstefnu árin 2018-2020. Forgangsáætlun er ætlað að forgangsraða eftirstandandi aðgerðum. Verkefnastjóri matarstefnu var ráðinn í september og hefur hann störf í byrjun október. Samhliða því verður matarstefnuteymi borgarinnar skipað og því ætlað að stýrja við innleiðingu matarstefnunnar.
Græn skref í starfsemi borgarinnar	Árið 2021 verður áttak til fjölgunar vinnustöðum í Grænum skrefum í starfsemi Reykjavíkurborgar. Verkefnið snýst um að efla vistvænan rekstur í starfsemi borgarinnar ásamt því að skapa forðæmi í því að minnka umhverfisáhrif sveitarfélagsins með kerfisbundnum hætti.	Í vinnslu 2	Vinnustöðum í Grænum skrefum heldur áfram að fjölga. Í lok september voru 155 vinnustaðir þátttakendur í Grænum skrefum, af 350 vinnustöðum Reykjavíkurborgar.

Aðgerðir 2021 - Samfélagsmál	Lýsing	Staða	Stöðulýsing
Aðgerðaaætlun með velferðarstefnu	Á grunni velferðarstefnunnar verður lögð fram aðgerðaaætlun borgarinnar í velferðarmálum.	Lokið	Aðgerðaaætlun með velferðarstefnu 2021-2025 var lögð fyrir og samþykkt með velferðarstefnu 15. júní 2021. Vinna á grundvelli aðgerðaaætlunnar er þegar hafin á velferðarsviði.
Virkniúrræði	Endurskoðun á öllum virkniúrræðum velferðarsviðs með áherslu á virkni, fjölbreytileika og aðgengi.	Í vinnslu 1	Værið er að leita að húsnaði fyrir Virkniúrr. Það er komin grunnur að samlegðaráhrifum námskeiða. Værið að vinna að frekari samþyngingu á úrræðum auk þess sem stefnumótun Virkniúrr er að hefjast.
Uppbygging búsetuúrræða fyrir fátala fólk	Uppbyggingaráætlun vegna húsnaðis fyrir fátala fólk - Árið 2021 verða fimm íbúðakjarnar með 29 íbúðum tilbúin ásamt þjónustubúðum.	Í vinnslu 3	Þrjú íbúðakjarnar hafa tekið starfa á árinu 2021. Auk þess hefur verið fjölgað í húsnaði með stuðningi.
Uppbygging búsetuúrræða fyrir heimilislausla	Uppbyggingaráætlun vegna húsnaðisúrræða fyrir heimilislausla með miklar og flóknar þjónustuparfarir gerir ráð fyrir að úthlutað verði í 10 smáhúsi árið 2021.	Í vinnslu 3	Búseta í fimm smáhúsum er hafin og undirbúningur fyrir næstu fimm er hafinn og er áætlað að þau verði komin í notkun í desember 2021.
Fjölga félagslegra íbúða	Áætlun um fjölgun félagslegra íbúða gerir ráð fyrir að þeim fjölgi um vel á annað hundrað á árinu 2021.	Í vinnslu 2	Fjölga félagslegra leigubúða er aðallega í tengslum við kaupréttarsamninga. Einnig er stefnt að kaupum á íbúðum á almennum markaði en það hefur reynt erfið. Búið er að gera kaupsamninga vegna 79 íbúða.
Fjölga hjúkrunarrýma	Fjölga hjúkrunarrýma í Reykjavík árið 2021 í samvinnu við ríkið.	Í vinnslu 1	Þann 25. maí 2021 undirrituðu heilbrigðisráðherra og borgarstjóri samning um byggingu hjúkrunarheimilis við Mosaveg í Grafarvogi fyrir allt að 144 íbúa. Samhliða staðfestu ráðherra og borgarstjóri sameiginlega viljayfirlýsingu um byggingu hjúkrunarheimilis fyrir allt að 200 íbúa á svæði við Ártúnshöfða. Unnið er að skipulagningu svæðisins og er stefnt að því að hægt verði að hefja verkefleg framkvæmdir við nýtt hjúkrunarheimili í Grafarvogi árið 2023.
Velferðartækni í heimaþjónustu og heimahjúkrun	Til ársins 2022 er sérstök áhersla lögð á prófanir og innleiðingu á tæknilausnum í heimahjúkrun borgarinnar með það að markmiði að bæta þjónustu, tryggja gæði og öryggi og stuðla að sjálfstæðni búsetu í heimahúsum til að bæta lífsgæði notenda.	Í vinnslu 3	Öl stærri tæknileg vandamála skýringsmála hafa verið leyst, þjónustuferlar eru skýrir og tilbúin til uppsetningar í gæðahandbók. Nýskráðum notendum fjölga jafnt og þétt. Úrvinnsla árangursmælinga stendur yfir og niðurstöður benda til þess að skjólstæðingar hafi jákvæða upplifun af því að fá þjónustu í gegnum skýjaheimsóknir. Fyrstu verkþáttum prófana á sjálfvirkum lyfjaskömmtum er lokið, m.a. með undirritun samnings við Icepharma ehf. þann 16. sept. um leigu á 25 lyfjaskömmtum til prófanna til 10 mánaða. Verkefni heimaþjónustu með lyfjaskömmtum eru í þróun samhliða prófunum.
Aðgerðaaætlun gegn sáráfatækt	Aðgerðir sem miða að því að sporna við sáráfatækt hjá börnum og fjölskyldum þeirra.	Í vinnslu 3	Í aðgerðaráætlun eru settar fram 15 aðgerðir til ársins 2023. Fimm aðgerðum er lokið og 11 aðgerðir eru komnar í ferli, en mislangt komnar.
Farsældarþjónusta fyrir börn og unglinga og efling stoðþjónustu við börn með sérstakar þjónustuparfarir í skóla- og frístundastarfi	Nýtt farsældarfrumvarp Barna- og félagsmálaráðherra mun taka gildi árið 2022. Vinna verður unnið árið 2021 við skipulagsbreytingar og gerð nýrra verkefna til samræmis við farsældarfrumvarpið. Aukin samþætting og einföldun skipulags og starfsemi stoðþjónustu til barna með sérstakar þjónustuparfarir og fjölskyldna þeirra.	Í vinnslu 2	Verkefnisstjóri og faglegur leiðtogi skólajónustu þjónustumiðstöðva í núverandi mynd vinnur fyrir SFS og VEL að undirbúningi nýrrar löggjafar um farsæld barna og að innleiðingu tillagna stýrihópsins Ísaks um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfarir sem samþykktar voru í júní 2021. Allir starfshópar komnir af stað og mikil vinnsla í gangi innan þeirra sem og hjá framkvæmdastjórnunum beggja svæða.
Stuðningur við börn og fjölskyldur af erlendum uppruna í öllum hverfum	Verkefnið Velkomin í hverfið hefur það að markmiði að veita stuðning við fjölskyldur af erlendum uppruna. Verkefnið sem hefur verið tilraunaverkefni verður innleitt í öll hverfi borgarinnar.	Lokið	Verkefnið hefur verið innleitt í öll hverfi borgarinnar og alla grunnskóla en innleiðing í leikskóla er að hefjast
Markviss stuðningur við börn af erlendum uppruna í skóla- og frístundastarfi	Markviss og efling stuðningur við börn af erlendum uppruna til að tryggja virka þátttöku þeirra í íslensku samfélagi í nútíð og framtíð.	Í vinnslu 3	Unnið er að innleiðingu á stefnu SFS í málefnum fjölmennar skv. áætlunum þar um, ýmis verkefni í vinnslu og önnur í undirbúningi. Tvö íslenskuvör voru stofnuð í ágúst.
Stafræn tækni í skólastarfi	Efling bekkjar starfsfólks skóla- og frístundasviðs á að nýta stafræna tækni, tryggja gæði þjónustuferla varðandi ráðgjöf, fræðslu, innkaup á búnaði og hagnýtingu stafrænnar tækni. Einnig að tryggja persónuvernd og stafræna hæfni starfsfólks og barna. Þá er gert ráð fyrir að búnaðarstaða sem tengist stafrænni tækni í námi og starfi verði bætt.	Í vinnslu 2	Nýr verkefnastjóri og nýr kennsluráðgjafar ráðnir á tímabilinu. Þann 2. september voru Chromebækur eftir útboð. Starfsfólki grunnskóla var boðið að sækja sumarsmíðjur í skapandi og framsækinni tækni og á námskeiði um Google umhverfið. Haldnir kynningarfundir með skólastjórnendum og tengiliðum. Samvinna var við skóla um að ljúka við að fylla út Leiðarykil, skrá stöðu búnaðar í skólum og sjálfsmat skóla miðað við stefnu og notkun stafrænnar tækni til náms og kennslu (SELFIE). Ný vefsíða, stuðningsvefur fyrir starfsfólk, nemendur og foreldra fyrir innleiðingu búinn til og tilbúinn að mestu. Unnið er gerð MÁP (mat á áhrifum á persónuvernd) vegna afnota á Chromebókum. Unnið er gerð rafræns samþykkis foreldra/forráðamanna vegna móttöku á búnaði. Afhending búnaðar og innleiðing undirbúin.
Aðgerðaaætlun gegn ofbeldi	Endurnýjun aðgerðaaætlunar gegn ofbeldi sem er sett fram til að fá yfirsýn yfir þau fjölmörgu verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi. Markmiðið er að skapa öruggt umhverfi borgarbúa með því að vinna gegn ofbeldi á ýmsum sviðum samfélagsins.	Í vinnslu 3	Drög að aðgerðaaætlun hafa verið kynnt í nefndum og ráðum og verður hún lögð fram til samþykktar haustið 2021

Brúum billö – Uppbygging leikskóla	Áfangar 2021: 1. Undirbúningur opnunar nýrra leikskóla í endurbættu húsnæði: a) Kleppsvegur 150-152, b) Safamýrarkólí. 2. Markaðskönnun um leiguhúsnæði fyrir leikskóla. 3. Unnið að undirbúningi byggingar nýrra leikskóla, viðbygginga eldri leikskóla og fjölgunar deilda í starfandi leikskólum.	í vinnslu 3	Kleppsvegur 150-152, uppbygging á húsnæðinu hafin. Safamýri 5, gert er ráð fyrir að niðurrif og uppbygging þaks í austurhluta verði framkvæmt og tilbúið fyrir áramót. Búið að gera samning við lþöku um leigu á Bríetartúni 11 fyrir leikskóla. Frestun verður á opnun. Verið að undirbúa keppnislýsingu fyrir Vogabyggðarskóla. Unnið með arkitektum, verkfræðingum og USK við að yfirfara teikningar af vinningstillögu Miðborgarleikskóla. Viðbygging við Seljakot er klár og endurbótum innanhúss er lokið. Viðbygging við Funaborg er í hönnunarferli. Skógarhús við Funaborg opnar í desember. Búið að reisa laus hús við Gullborg og þau komin í notkun. Búið er að byggja við gamla húsið og verið er að leggja loka hönd á nýja starfsmannaaðstöðu og endurbætur. Niðurrifi lokið í Laugasól og hönnun á lokametrunum. Áætlað að framkvæmdir byrji í janúar. Undirbúningur vegna opnunar fjögurra ævintýraborga í fullum gangi.
Uppbygging grunnskóla	Uppbygging nýrra grunnskóla í Skerjafirði og í Vogabyggð. Viðbyggingar við eldri grunnskóla.	í vinnslu 1	Forsagnarvinna fyrir Skerjafjarðarskóla er á lokametrum og forsagnarvinna fyrir Vogabyggð í undirbúningi. Búið er að skila umsögnum um Laugarnes-, Laugalækjar- og Langholtsskóla og hafin vinna við Vörðuskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Austurbæjarskóla. Teikningar á endurhönnun á Fossvogsskóla liggja að mestu fyrir.
Endurnýjun og uppbygging skólalóða	Endurgerðir og sérstakt átak við eldri leikskólalóðir og grunnskólalóðir.	í vinnslu 3	Framkvæmdum að mestu lokið við fimm grunnskólalóðir og fjórar leikskólalóðir sem voru endurnýjaðar á tímabiliinu og sex leikskólalóðir þar sem gerðar voru úrbætur skv. átaki þar um. Framkvæmdum á endurnýjun lóðar við einn leikskóla var frestað.
Uppbygging íþróttamannvirka	Áætlun um uppbyggingu íþróttamannvirka tekur árið 2021 til enduruppbygginga og undirbúnings og byggingar íþróttamannvirka og svæða fyrir íþróttafélög og til sundlauga auk endurnýjunar ýmiss konar tækjabúnaðar.	í vinnslu 3	Vinna við uppbyggingaráætlun íþróttamannvirka gengur skv. áætlun fyrir árið 2021 og einstök verkefni í vinnslu skv. henni og samþykktum tillögum í borgarráði 19.11.2020.
Uppbygging menningarhúsa	Áætlun um uppbyggingu menningarhúsa tekur árið 2021 til endurbóta og viðhalds eldri menningarhúsa, m.a. Grófarhús og Hafnarhús, og til byggingar nýrrar menningarmiðstöðvar í Úlfarsárdal.	í vinnslu 3	Vinna við uppbyggingaráætlun menningarhúsa gengur skv. áætlun fyrir árið 2021 og einstök verkefni í vinnslu skv. henni. Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir gerðu viljayfirlýsingu um kaup borgarinnar á þeim hluta Hafnarhússins sem hafnirnar eiga í ljósi áföma um að þar verði Safn Nínu Tryggvadóttur. Hafnir er undirbúningur að stofnun „flugræðs“ um endurnýjun Hafnarhúss og samspij byggingarinnar og starfsemi þess við nágrenni sitt. Reykjavíkurborg hefur einnig hafið undirbúning að samkeppni um endurgerð og endurnýjun Grófarhúss.

Stoðaðgerðir 2021	Lýsing	Staða	Stöðulýsing
Sviðsmynda- og áhættugreiningar	Sviðsmynda- og áhættugreiningar á þremur sjálfbærnivíddum Græna plansins í þeim tilgangi að skilgreina styrkleika, veikleika og helstu ógnanir og tækifæri til næstu 10 ára.	í vinnslu 3	Lokadrög sviðsmynda um það hvernig borg Reykjavík verður árið 2035 með tilliti til efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra þátta voru kynnt fyrir vinnuhópi um Græna planið í lok september. Unnið hefur verið úr athugasemdum hópsins. Auk þess var ákveðið að kynna drögin fyrir fulltrúum menningar- og ferðamálastöðva, íþrótt- og tómstundasviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Stefnt er að því að sviðsmyndirnar verði tilbúnar um miðjan nóvember.
Evrópusamstarf og styrkir til rannsóknar, nýsköpunar og atvinnuþróunar	Áætlun um þátttöku Reykjavíkur í Evrópusamstarfi og rannsóknaráætlun ESB 2021-2027 sem getur skilað borginni fjármögnun á stöðugildum og verkefnum, verðmætni þekkingu og aðgengi að sérfræðþekkingu sem annars þyrfti að kaupa auk þess sem fyrirtæki í borginni fá stuðning í formi styrkja og aðgengi að markaði.	í vinnslu 2	Tillögum var skilað til borgarstjóra í júní og eru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
Stafræn umbreyting	Stafræn umbreyting Reykjavíkurborgar ásamt fjárfestingu og uppbyggingu á grunnnivíðum í upplýsingatekni hjá Reykjavíkurborg.	í vinnslu 2	Áfram er unnið að styrkingu grunnnivíða hjá borginni til að undirbúa stafræna umbreytingu borgarinnar. Teymi af stafrænum leiðtogum er byrjað að vinna í því að greina stafrænar áherslur og forgangsröðun innan sviða og utan. Innléiðing á grunni að framkvæmd fyrir inkaup á grænni upplýsingateknirekstri. Beta vefur borgarinnar var settur í loftið, nýtt útlit fyrir minar síður hefur verið sett upp og fyrsta stafræna ferlið var sett upp og hafið handa við þau næstu. Þrúfkeyrsla á innleiðingu á Office 365 var framkvæmd. Byrjað var á viðamikilli búnaðarferingu í skólalumhverfi til stuðnings í verkefni „Stafræn gróska“.

Samvinna við fyrirtæki borgarinnar	Lýsing	Staða	Stöðulýsing
Samráð Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar	Reglubundið samráð verði á milli Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar um Græna planið og einstaka samstarfsverkefnum sem sum fyrirtækin eða öll koma að.	í vinnslu 3	Starfshópar Reykjavíkurborgar og B-hluta félaga skiluðu niðurstöðum í júní sem eru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Tillögum ávarpa m.a. reglubundið samráð borgarinnar og fyrirtækja hennar og verður áfram til skoðunar hvernig má treysta það betur í sessi.
Orkuskipti í Reykjavík	Samstarf um orkuskipti á næstu árum með þátttöku borgarinnar og fyrirtækja hennar til að tryggja markviss og góð orkuskipti á næstu árum.	í vinnslu 3	Tillögum var skilað til borgarstjóra í júní og eru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
Græn fjármál Reykjavíkur	Samstarf um græn inkaup, sjálfbæra og félagslega fjármögnun og önnur græn fjármál til að drífa áfram græna planið á næstu árum fyrir Reykjavíkurborg og fyrirtæki hennar.	í vinnslu 3	Tillögum var skilað til borgarstjóra í júní og eru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
Hringrásarhagkerfið í Reykjavík	Stefnumótun fyrir Hringrásarhagkerfið í borginni með aðkomu fyrirtækja borgarinnar, sem tekur til söfnunar og miðlunar, innkaupa og fráveitna, t.d. nýtingu á glatvama, en einnig langlífi hluta, endurnýtingu og aðgerðir gegn plastmengun og matarsóun.	í vinnslu 3	Tillögum var skilað til borgarstjóra í júní og eru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
Evrópusamstarf um Kolefnishlutlausu og snjalla Reykjavík 2030	Reykjavík sækir fram og verði ein af kolefnishlutlausum borgum innan EES svæðisins 2030 og verði með því sýnidæmi innan Horizon Europe áætlunar Evrópusambandsins sem gefur tækifæri til að draga að fjárfestingar og styrké til metnaðarfullra nýsköpunarverkefna í borginni.	í vinnslu 3	Tillögum var skilað til borgarstjóra í júní og eru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. M.a. er fyrirhugað að skipa starfshóp til að halda áfram með undirbúningu umsóknar um að borgin verði ein af kolefnishlutlausum borgum innan Evrópu.
Grænn viðskiptahraðall	Grænn viðskiptahraðall í samstarfi Reykjavíkurborgar og Faxaflóahafna þar sem öðrum fyrirtækjum borgarinnar stendur til boða að taka þátt í. Hraðallinn hefur það markmið að á Íslandi risi stór og stöndug fyrirtæki sem byggja á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins, draga úr losun, skapa störf og auka samkeppnisforskt Íslensks iðnaðar.	Lokið	Verkefniinu er lokið. Það var leitt af Icelandic Startups, Faxaflóahafnir voru á meðal bakhjarna. Niðurstöður verkefnanna sem unnin voru í hraðlinum voru kynntar á fjárfestadegi í Grösku, 11. júní sl.
Stafræn umbreyting	Samstarf Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar til að flýta fyrir og ítra stafrænni umbreytingu í borginni.	í vinnslu 3	Tillögum var skilað til borgarstjóra í júní og eru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.